Arnórsstaðir á Jökuldal

Forrannsókn vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda



LILJA BJÖRK PÁLSDÓTTIR

ÁSAMT MAGNÚSI Á. SIGURGEIRSSYNI

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2020
FS821-20321

Forsíðumyndin sýnir svæðið við uppgraftarlok. Horft er yfir bæjarhól til norðausturs.
Myndina tók Lilja Björk Pálsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2020
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer:
202008-0059

Þjóðminjasafnsnúmer:
2020-46

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna:
119:017, 119:28, 119:001. Kristborg Þórsdóttir 2020. *Fornleifaskráning vegna breytinga á Jökuldalsvegi í landi Arnórsstaða.* FS778-19431. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur):
Rannsókn á umfangi fornminja vegna fyrirhugaðrar vegagerðar

Tegund rannsóknar:
Framkvæmdarannsókn

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla):
Arnórsstaðir á Jökuldal


GPS hnit:
ISN 93 677883/536461

Rannsóknartími:
24.08.-2020

Leyfishafi
Lilja Björk Pálsdóttir

Fjöldi starfsmanna
6

Staðsetningarkort



Mynd 1 Hringurinn sýnir staðsetningu rannsóknarsvæðisins. Loftmynd fengin hjá Landmælingum Íslands.

Útdráttur

Breytingar eru fyrirhugaðar á vegstæði um Jökuldal og fer nýr vegur í gegnum heimatún Arnórsstaða sem nú eru í eyði. Til að kanna umfang og eðli fornleifa á helgunarsvæði fyrirhugaðs vegar voru grafnir fimm könnunarskurðir þar sem minjar voru þekktar. Í ljós komu umfangsmiklar mannvistarleifar í fjórum af fimm skurðum, bæði mannvirki, ruslalög og önnur merki um umsvif manna. Minjarnar spanna tímabilið frá landnámi og allt til 20. aldar.

Lykilorð


Bæjarhóll, Jökuldalur, Austurland, Arnórsstaðir, vegagerð

Abstract

Changes are planned for a new road along Jökuldalur, passing through the homefield of the now abandoned farm Arnórsstaðir. To investigate the extent and nature of archaeological remains within the vicinity of the proposed new road, five trenches were dug in known archaeological areas. Extensive archaeology was discovered in four of the five trenches, structures, midden deposits and other deposits showing human activity. The remains span the period from settlement to the 20th century.

Keywords

Farm mound, Jökuldalur, Eastern Iceland, Arnórsstaðir, road construction



Mynd 2 Teikning Jóns Gíslasonar af Arnórsstöðum seint á 19. öld. Páll Pálsson 1997, 153)

Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar *3*
Staðsetningarkort *4*
Útdráttur *5*
Lykilorð **5**
Abstract *5*
Keywords **5**
Inngangur *7*
Markmið *7*
Aðferðafræði *8*
Gripir **8**
Jarðvegssýni **8**
Uppgröfturinn og niðurstöður *9*
Skurður 1 ..... **10**
Skurður 2 ..... **11**
..... **13**
Skurðir við bæjarhól **14**
Skurður 3 ..... **14**
..... **17**
Skurður 4 ..... **18**
Skurður 5 ..... **20**
Niðurstöður *21*
Heimildir *23*
Viðaukar *24*

Inngangur

Vegagerðin fyrirhugar að leggja nýjan veg um Jökuldal og fer áætlað vegstæði um bæjarstæðið á Arnórsstöðum. Þar sem um bæjarhól og minjar innan túns er að ræða fór Minjastofnun Íslands fram á að gerðir yrðu könnunarskurðir í og við þekktar og mögulegar minjar í helgunarsvæði vegarins.[1]

Vegagerðin fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að sjá um rannsóknina og fór hópur fimm fornleifafræðinga auk eins nema í fornleifafræði austur að Arnórsstöðum þann 24. ágúst 2020 og hófst vettvangsrannsókn samdægurs. Voru vélgrafnir fimm skurðir þar sem fornleifa var að vænta samkvæmt fornleifaskráningu[2] sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands ses. Jarðfræðingur mætti á staðinn til að kanna gjóskulög með það að markmiði að aldursgreina minjarnar.

Samkvæmt heimildum var búið á Arnórsstöðum frá síðmiðöldum og allt til ársins 2000 þegar jörðin fór í eyði. Hún kemur fyrst fyrir í heimildum frá miðri 15. öld þegar merki jarðarinnar eru talin upp í máldaga Hofteigskirkju en til er sögn um að Arnór sem jörðin heitir eftir, hafi fallið í bardaga við Hákon á Hákonarstöðum en sá bær er nefndur í Landnámabók.[3] Hvort saga Arnórsstaða nær svo langt aftur er ekki hægt að segja til um nú en frekari fornleifarannsóknir gætu varpað ljósi á uppruna búsetu á jörðinni.

Heimamenn gerðu sér ferð á Arnórsstaði á meðan á uppgreftri stóð og deildu þekkingu sinni af staðnum og eru þeim hinar bestu þakkir skildar. Helst ber þar að nefna Stefán Ólason sem einnig var gröfumaður verkefnisins og Sigvalda Ragnarsson á Hákonarstöðum.

Markmið

Markmiðið með rannsókninni var að meta umfang og ástand fornleifa í og við fyrirhugaða veglínu sem liggur um heimatún Arnórsstaða. Rannsóknaráætlun byggði á mótvægiskröfum Minjastofnunar Íslands sbr. bréf frá minjaverði Austurlands[4] en frekari útfærsla skurða var gerð á vettvangi í samvinnu við minjavörð. Við rannsóknina voru grafnir fimm skurðir sem voru samtals 94,5 m að lengd.

[1] Bréf MÍ dagsett 22.06.2020 (MÍ2020005-0124/6.10/Þ.E.H).
[2] Kristborg Þórsdóttir. 2020.
[3] Kristborg Þórsdóttir. 2020. Bls. 12.
[4] Bréf MÍ dagsett 22.06.2020 (MÍ2020005-0124/6.10/Þ.E.H).

Aðferðafræði

Grafið var niður að fornminjum með gröfu en frekari uppgröftur og hreinsun fór fram með handafli. Farið var í gegnum áfokslög og byggingahrun en þar sem mikið rask hafði orðið vegna síðari tíma bygginga var grafið í gegnum önnur lög svo betur mætti ákvarða dýpt mannvistar. Smáar prufuholur (PH) voru grafnar innan skurðanna sjálfra til að kanna dýpt jarðlaga. Snið skurðanna voru ljósmynduð og teiknuð í mælikvarðanum 1:10 þar sem slíkar teikningar þóttu upplýsandi en annars var stuðst við flatarteikningar enda sáust í þeim mannvirki og önnur mannvist.

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgir svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.[5] Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við. Notast er við Harris Matrix Composer sem er forrit sérhannað til að halda utan um slík gögn (Harrismatrixcomposer.com).

Gripir

Engir gripir fundust við rannsóknina fyrir utan nútímasorp og byggingarefni.


Jarðvegssýni

Jarðfræðingur tók sýni til gjóskurannsókna. Niðurstöður hans er að finna sem viðhengi aftast í skýrslunni.


[5] Lucas, Gavin. 2003. Archaeological field manual. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík

Uppgröfturinn og niðurstöður

Alls voru fimm könnunarskurðir grafnir. Þrír þeirra voru staðsettir þar sem búast mátti við tóftum (119:028 lambhús, 119:017 hesthús, 119:027 þúst) en tveir skurðir voru grafnir í bæjarhólinn (119:001).




Skurður 1



Mynd 3 Teikningin sýnir snið í skurði 1. Rauðar línur sýna hvar grafið hefur verið niður fyrir mannvirkjum en tölurnar vísa í númer jarðlaga. Nánari skýringar á einingarnúmerum eru í einingaskrá aftast í skýrslunni.

Stærð 0,9m x 17m
119:017 hesthús


Í fornleifaskráningu segir um minjastaðinn:
„„Efribakki, innst á honum Hesthús og Hesthúshóll," segir í örnefnalýsingu VG.
[Á]tt við óræktarhól eða þúst innarlega í túni á Efribakka. Meint staðsetning Hesthúshóls er 60-70 m NNA við bæ 001, 25 m NNA við þúst 028 og 28 m suðvestan við gerði 031.
Minjarnar eru í gömlu, flatlendu túni sem komið er í órækt og orðið þýft en er mjög grösugt. Brött brekka er upp af því til vesturs og sömuleiðis er brött en stutt brekka austan við það niður á Hesthúsgrund (sjá 012). Fast vestan við minjarnar er vegarslóði sem lá út að ungum fjárhúsum í norðurenda túnsins. Hann er á sama stað og gamli akvegurinn og þar var áður eldri leið í gegnum túnið (sjá 035).
Á meintum Hesthúshóli er greinilega manngerð þúst en hún er þó ekki mjög afgerandi eða skýrt afmörkuð. Þústin er 13x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er gengin í þúfur og er 0,3-0,5 m á hæð. Grjót sést upp úr sverði á stöku stað og járngrind og fleira brak er í norðausturhorni þústarinnar.
Hættumat:
stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir:
Ö-Arnórsstaðir VG, 6"“[6]



Mynd 4 Yngsta húsið hafði verið fyllt af nútímasorpi, bjórdósum og -flöskum ásamt skyrdósum áður en það var svo fellt yfir allt saman. Horft til norðurs.

[6] Kristborg Þórsdóttir. 2020, bls. 20.

Fornminjar sáust í öllum skurðinum. Í sniði sást grjóthlaðin tóft [27] sem hafði verið fyllt af rusli (á 9. áratug 20. aldar) og svo rutt út. Eldri mannvirki [15, 11, 12, 20, 26] voru einnig greinanleg og sáust sem þrjár torfhleðslur og grjóthleðsla sem tilheyrðu mismunandi byggingaskeiðum. Mögulega er um viðgerðir eða endurgerðir á sömu byggingunni að ræða en ekki er mögulegt að fullyrða um það út frá sniðunum einum.



Mynd 5 Teikningin sýnir grófa skiptingu á byggingarstigum sem sjást í sniðinu. Númerin vísa í einingaskrá sem er aftast í skýrslu.

Skurður 2

Stærð 0,9m x 25m
119:028 lambhús



Mynd 6 Horft eftir skurði 2 til vesturs.

Í fornleifaskráningu segir um minjastaðinn:
„„Nokkuð afgerandi þúst er fast norðan við bæjarhól 001, frammi á brún hjallans sem bærinn stóð á. Bratt er fram af hjallanum til austurs en mjög aflíðandi halli er upp frá þústinni til vesturs að bröttum brekkum í túnjaðri. Nokkuð afgerandi skarð skilur á milli þústar og bæjarhóls og hefur það mögulega myndast vegna yngra rasks. Neðan við skarðið, á næsta hjalla, er rafmagnsstaur og er áberandi grænn grasgróður þar í kring. Vegarslóði er í túni ofan og vestan við þústina. Páll Pálsson, heimildamaður, man eftir lambhúsi á þessum stað. Þústin er í túni sem komið er í órækt. Hún er þýfð vestast en slétt í austurhluta. Þar er grænn grasvöxtur og arfi inn á milli. Þústin er allstór, 25x19 m að stærð og snýr NNA-SSV. Mörk þústarinnar eru allsstaðar fremur óljós ef frá er skilin SSV-brún hennar. Þar er hún 0,7 m á hæð og þar sést járnarusl og dekk sem eru gróin í grassvörðinn.[7]““

[7] Kristborg Þórsdóttir. 2020, bls. 24-25.

Fornminjar var að finna í skurðinum miðjum og yfir í eystri hluta hans. Í sniðum og fleti fundust torfhleðslur og mannvistarlög þeim tengd. Greina má að minnsta kosti tvö byggingarstig og virðast þau bæði vera eldri en frá 13. öld en samkvæmt greiningu á gjóskulögum eru torfhleðslurnar tímasettar til 10.-12. aldar.




Mynd 7 Torfhleðsla [8] sem er undir gjósku sem féll úr Heklu árið 1158. Efst á mynd eru fíngerð lög áfoksjarðvegs. Horft til vesturs.

Auk torfhleðslanna komu í ljós gólflög [18] með viðarkolum og ruslalags [17] með mó- og viðarösku. Einstaka dýrabein sáust en voru ekki hirt vegna lélegrar varðveislu.


Þarna eru því mannvirki frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Gólf- og öskulög gefa vísbendingar um að þarna gæti verið um íveruhús að ræða en ekki er hægt að staðfesta það án frekari rannsókna. Miklar líkur eru á minjum út frá austurhluta skurðarins en mannvistarlög virðast fjara út til vesturs.

Ekki sáust ummerki um lambhúsið eða önnur yngri mannvirki í skurðinum. Þess ber að geta að staðsetning skurðarins réðist m.a. af þekktum heimilissorpgryfjum frá 20. öld sem staðkunnugir[8] vissu af og var því ákveðið að sneiða hjá þeim. Það er því ekki útilokað að leifar lambhússins eða annarra minja sé að finna á milli gryfjanna.



Mynd 8 Prufuhola (ph 4 á flatarteikningu) í skurði tvö. Í henni sást mannvist beint ofan á landnámsgjóskunni og torfhleðsla.

[8] Stefán Ólason, samkvæmt samtali á minjastað.



Mynd 9 Flatarteikning af skurði 2 með helstu jarð- og mannvistarlögum. PH vísar til prufuhola sem gerðar voru í skurðinum. Númer vísa í einingaskrá sem er aftast í skýrslu.

Skurðir við bæjarhól




Mynd 10 Staðsetning skurða 3 (vinstra megin) við steypta plötu og 4 (hægra megin) í bæjarhólinn. Horft til austurs.

Skurður 3

Stærð 0,9m x 26m
119:001 bæjarhóll

Í fornleifaskráningu segir um minjastaðinn:



Mynd 11 Fallinn torfveggur og hægra megin á myndinni sést glitta í grá viðaröskuborin gólflög sem tilheyra sama mannvirki. Horft til austurs.

„„Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru bæjarhúsin á Arnórsstöðum ofarlega (vestarlega) í túni, um 20 m austan við vesturmörk fless og 20 m norðan við Bæjarlækinn (sjá 029). Á þeim stað er grunnur síðasta íbúðarhússins sem byggt var árið 1971 en brann eftir að jörðin fór í eyði árið 2000. Bæjarhóll Arnórsstaða er á flötum hjalla efst í túninu, fast austan og neðan við uppbyggðan Jökuldalsveg (923) í brekku upp af túninu en vegurinn hefur breytt ásýnd landsins

talsvert. Utar í dalnum má sjá náttúrulega brattar brekkur upp frá túninu. Bæjarlækurinn rennur fast sunnan við bæjarhólinn og liggur heimreið að bænum úr suðri
yfir lækinn. Smáþýft er á bæjarhólnum og þar vex gras og arfi en einnig vaxa nokkur tré á austurhluta hólsins. Frá bæjarstæði Arnórsstaða sést spöl inn dalinn og út að Gilsá en leiti er á milli ár og bæjar.
Bæjarhóllinn er 70x47 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hann nær fram á hjallabrún til austurs og ekki er gott á greina á milli uppsafnaðra mannvistarleifa og náttúrulegra marka hjallans en bratt er fram af honum til austurs. Áætlað er að uppsöfnuð mannvistarlög á bæjarhólnum séu um 2 m á þykkt en fram af brún bæjarhóls og hjallans sem hann er á eru 3-5 m. Steypt gólfplata úr grunni síðasta íbúðarhússins er á miðjum bæjarhólnum.
Hún er 13x6 m að flatarmáli og snýr ASA-VNV en af gömlum ljósmyndum að dæma var húsið talsvert stærra og sneri út og suður. Framan við gólfplötuna er grjóthlaðinn kantur sem hefur tilheyrt stétt framan við síðasta torfbæinn. Kanturinn er um 50 m langur og liggur NNA-SSV. Hann er 0,5-0,6 m á hæ› og í hleðslunni sjást 4-6 umför grjóts þar sem best lætur. Syðri hluti kantsins er ógreinilegri og gróinn þannig að lítið sést þar í grjóthleðslur. Ofan og vestan við kantinn er flatlent en framan (neðan) og austan við er mjög aflíðandi halli fram á brún bæjarhólsins. Í hallanum hefur að öllum líkindum verið kálgarður og í honum vaxa nokkur lerkitré. Frá NNA-enda grjóthleðslunnar er gróinn, lágur kantur sem liggur í sveig til norðurs og er 15 m langur. Neðan við og samsíða þessum köntum, bæði þeim grjóthlaðna og þeim gróna, er brún sem hefur markað neðri brún meints kálgarðs og mögulega einnig bæjarhólsins. Á milli kantanna og brúnarinnar eru 7-12 m. Nyrst í meintum kálgarði er óljós dæld, eða lægð sem er 0,1-0,2 m á dýpt og er þýft í kring um hana. Sunnan við miðjan kálgarð er nokkuð afgerandi kantur sem liggur á milli grjóthlaðna kantsins og brúnarinnar. Sunnan við hann er rabarbarabeð. Þessi kantur er hæstur suðvestast þar sem hann er 0,7 m hár, en lækkar til norðausturs. Sunnan (SSV) við þennan kant er flatlent út að mörkum bæjarhóls til SSV og þar í suðurenda er talsvert þýfi. Norðan (NNA) við kantinn er aflíðandi halli til ASA. Sunnan við húsgrunn á miðjum bæjarhólnum er malarplan við enda heimreiðar og frá því liggur vegarslóði áfram til NNA. Við gerð þessara mannvirkja hefur verið grafið í gegnum bæjarhólinn vestanverðan þar sem er aflíðandi halli frá VNV-mörkum til ASA. Til eru tvær gamlar teikningar af bænum á Arnórsstöðum. Annars vegar er það teikning eftir Daniel Bruun frá 1908. Á henni má sjá þrjár burstir á frambænum og annað hús aftan við hann. Þar hefur að líkindum verið eldhús en fram kemur í



Mynd 12 Ljósmyndin sýnir mannvirki sem hefur verið grafið niður að hluta. Viðaraska og viðarkol sjást upp við brún niðurgraftar auk stoðarholu og stoðarsteins upp við niðurgröftinn (hægra megin við miðju myndar). Horft til austurs.

Sveitum og jörðum í Múlaþingi I að hlóðaeldhús hafi verið að baki bænum auk fjóss fyrir fimm kýr og fjóshlöðu. Hin teikningin er eftir Jón Gíslason og birtist í grein eftir Pál Pálsson í Múlaþingi 24 frá 1997. Jón dvaldi á ýmsum bæjum í Jökuldal á árabilinu 1893-1906 og var skráður til heimilis á Arnórsstöðum 1894, 1895 og 1899. Á teikningu af Arnórsstaðabænum sést í fjós aftan við baðstofuna sem var syðst í bæjarröðinni og sneri út og suður. Norðan við hana voru bæjardyr með lofti og skemmur tvær.““[9]




Mynd 13 Grjót sem tilheyrir torfhleðslu og torfhrun í skurði 3. í torfinu má sjá gjósku úr Öræfajökli sem féll árið 1362 og ofar í sniði er grængrá gjóska úr Veiðivatnaeldstöðinni sem féll árið 1477. Horft er til austurs.

Skurðurinn liggur frá norðri til suðurs eftir bæjarhólnum vestanverðum. Í sniðum sást mikið rask og virðist sem ýtt hafi verið ofan af bæjarhólnum og möl lögð í staðinn. Ekki voru mikil ummerki um mannvist að sjá norðan miðju í skurðinum og virðist sem þar sé komið að endamörkum bæjarhólsins. Þar voru röskuð jarðlög en ekki sáust mannvirki eða leifar þeirra. Minjarnar sem sáust voru því aðallega í sunnanverðum skurðinum. Auk nútíma lagna- og húsgrunnsskurða var að finna torfhleðslur og mannvistarlög þeim tengd bæði í sniðum og fleti. Í sniðinu mátti sjá nokkur gjóskulög. Þar var bæði svokölluð landnámssyrpa og gjóska sem féll árið 1362 var að sjá í torfinu en að minnsta kosti þrjú byggingastig af torfveggjum voru greinanleg í sniði.


Bæjarhóllinn á Arnórsstöðum virðist því dæmigerður bæjarhóll jarðar sem hefur verið í byggð um aldir og allt fram á síðustu ár og er í honum að finna ummerki um þessa sögu alla. Ekki er gott að ráða í hlutverk og eðli elstu mannvistarleifanna með svo takmarkaðri rannsókn sem könnunarskurðir eru en þar sem vænta má góðrar varðveislu undir malarlaginu (líkt og sást í könnunarskurðinum) eru miklar líkur á að hægt sé að svara þeim spurningum með viðameiri rannsókn.

[9] Kristborg Þórsdóttir, 2020. Bls. 12-15.



Mynd 14 Flatarteikning af helstu jarð- og mannvistarlögum í skurði 3. Rauður litur táknar niðurgröft en númer vísa í einingaskrá sem er aftast í skýrslu.

Skurður 4



Mynd 15 Teikning af eystri tíu metrunum af norðursniði í skurði 4. Rautt táknar niðurgröft þar sem skorið hefur verið á eldri minjar.

Stærð 0,9m x 25m
119:001 bæjarhóll

Fornminjar var að sjá í nær öllum skurðinum og varð meira um þær eftir því sem nær dró bæjarhólnum (til austurs). Auk ummerkja um vegagerð og skurði fyrir lagnir og húsgrunna var að finna torfhleðslur og mannvistarlög bæði í sniðum og fleti. Þessar minjar hafa orðið fyrir miklu




Mynd 16 Torf- og grjóthleðslur og -hrun í eystri enda skurðar fjögur sem tilheyra byggingu en einungis lítið horn af henni sést í skurðinum. Horft til norðurs.

raski vegna síðari tíma viðbygginga og lagnaskurða eins og sést á sniðteikningu sem sýnir þennan hluta skurðarins. Hleðslurnar tilheyra að minnsta kosti þremur mannvirkjum en eiginleg gólflög var ekki að sjá utan mögulegra gólfhella. Í torfi austast í skurðinum mátti sjá gjósku frá Öræfajökli sem féll árið 1362 en mun eldri mannvirki var að finna vestar í skurðinum, sjá mynd 17. Þar mátti sjá torfhleðslur sem voru hlaðnar vel fyrir árið 1262 miðað við gjóskulög. Einnig voru yngri hleðslur sem hafa verið hlaðnar á þeim tíma sem leið milli eldgosanna sem urðu á árunum 1262 og 1362.[10] Þær upplýsingar sem fengust með skurðinum eru of brotakenndar til að hægt sé að fullyrða nokkuð um umfang mannvirka eða eðli en ljóst er að þau eru hluti af uppsöfnun bæjarhólsins og hafa að líkindum verða hluti af bæjar- og eða skepnuhúsum á hólnum.



Mynd 17 Um 15 metrum vestur eftir skurðinum sáust torfhleðslur með landnámsgjósku. Horft til suðurs.

[10] Magnús Á. Sigurgeirsson. 2020.



Mynd 18 Flatarteikning af helstu jarð- og mannvistarlögum í skurði 4. Rauður litur táknar niðurgröft en númer vísa í einingaskrá sem er aftast í skýrslu.
Mannvistarlög eru þykkust og mest austan til í skurðinum en fjara út til vesturs.

Skurður 5

Stærð 0,9m x 1,5m
119:027 þúst



Mynd 19 Mynd af þústinni úr fornleifaskýrslu.



Mynd 20 Snið í vélaramp (119:027). Horft til vesturs.

Í skurði sást mikill uppmokstur og er ljóst að þar er aðfluttur jarðvegur, líklega úr bæjarhólnum. Þústin reyndist vera nýleg og var vélarampur skv. Stefáni Ólasyni sem var gröfumaður verkefnisins og þekkir vel til staðarins. Rampurinn hefur verið gerður með því að moka upp jarðvegi en í sniði hans sást mikið raskaður jarðvegur með viðarkolum og torfsneplum auk allskyns brotajárns, plasts, glers og grjóts. Ekki fundust eldri mannvistarlög undir raskinu og var því niðurstaða könnunarskurðar að ekki væru fornleifar á þessum stað.

Niðurstöður

Niðurstöður könnunarskurða í heimatúni Arnórsstaða voru þær að talsverðar mannvistarleifar leynast þar undir sverði. Engar fornleifar fundust í skurði 5 en í öllum öðrum skurðum fundust einhverjar minjar, mismiklar þó. Í skurði 1 sáust ummerki sem líklega eru eftir skepnuhús sem var byggt um eða eftir 15. öld og var við lýði um nokkrar aldir en í skurði 2 fannst eldri bygging sem líklega á upphaf sitt á 11.-12. öld, en ekki var hægt að skera úr um með vissu hvort væri skepnuhús eða mannabústaður. Báðar byggingarnar eiga það sameiginlegt að vera austan við vegstæðið og mannvistarlög sem tengjast þeim fjara út til vesturs og voru því óverulegri þar sem komið var inn á vegarstæðið.

Umfangsmestu mannvistarleifarnar reyndust, eins og við var að búast, í þeim skurðum sem teknir voru í bæjarhólinn á Arnórsstöðum. Þar reyndist varðveisla mannvistarlaga og mannvirkja góð þrátt fyrir mikið rask á síðari tímum í kringum og í bæjarhólnum. Í skurði 3 voru mannvistarleifarnar aðallega sunnan við skurðinn miðjan og má því nota þær upplýsingar sem safnað var til að skilgreina endimörk bæjarhólsins til norðurs. Þar reyndust ummerki um a.m.k. þrjú byggingarstig torfveggja og var elsti hluti þeirra frá því fyrir 1362. Ekki er hægt að fullyrða um hvaða hlutverki

byggingarnar hafa gegnt en líklegast verður að telja að þarna hafi verið komið niður á hús sem tilheyrðu bæjarþyrpingunni á fyrri öldum og sé þá annaðhvort hluti af skepnuhúsum eða íveruhúsum á þessum skeiðum.


Í skurði 4 fundust talsverð ummerki mannvistar. Skurðurinn var um 26 m langur og lang umfangsmestar voru leifarnar í eystri hluta hans (nær miðju bæjarhólsins). Mannvistarleifarnar urðu umfangsminni eftir því sem vestar dróg og þar sem áætlað vegstæði mun liggja voru þær fremur óverulegar þótt einhverjar mannvistarleifar væri þar enn að finna. Í skurðinum fundust ummerki um a.m.k. þrjú mannvirki, þau yngstu greinilega byggð eftir að gjóska fell úr Öræfajökli 1362 en þau eldri töluvert eldri og greinilega byggð talsvert áður en gjóska frá 1262 fellur. Ekki fundust eiginleg gólflög en mögulegar gólfhellur á einum stað. Erfitt er að ráða í hlutverk bygginganna án viðameiri rannsókna en líkt og með mannvistarleifar í skurði 3 er líklegast að þær séu einfaldlega hluti af bæjarþyrpingunni.

Ljóst er að búið hefur verið á Arnórsstöðum frá fyrstu öldum eftir landnám og vísbendingar könnunarskurða í bæjarhól benda til þess að þar hafi verið bústaður jarðarinnar frá örófi alda. Ljóst er að varðveisla mannvistarlaga er þar nokkuð góð ef frá er talið 20. aldar rasks á yngstu lögum.

Könnunarskurðir gefa vísbendingar um hvers sé að vænta undir sverði . Þeir geta gefið ágætis vísbendingar um hvort minjar sé að finna á ákveðnum svæðum eða ekki og eru góð leið til að aldursgreina mannvist án of mikillar fyrirhafnar eða röskunar. Takmarkað umfang könnunarskurða gerir það hins vegar að verkum að þeir gefa sjaldnast afgerandi svör um hlutverk og eðli minja, sérstaklega ekki á flóknum og brotakenndum minjastöðum þar sem flókið samspil uppbyggingar, endurbygginga og niðurrifs er að ræða (líkt og undantekningalítið er raunin með bæjarhóla þar sem búið hefur verið um aldur). Segja má að könnunarskurðir á slíkum stöðum opni lítinn glugga inn í sögu jarð- og mannvisarlaga, veiti nokkur púsl í stóra mósaíkmynd sögu staðarins en geti aldrei gefið fulla eða heildsstæða hugmynd um sögu umfangsmikils minjastaðar sem spannar aldir.

Fyrirhuguð veglagning um heimatúnið á Arnórsstöðum kemur til með að ógna minjum og þá sérstaklega minjum í bæjarhólnum. Við hönnun vegstæðis var reynt að sneiða fram hjá þekktum minjum eins og hægt var og við frekari verkhönnun vegarins var vegskering lágmörkuð eins og kostur var[11]. Ljóst er að ekki verður hægt að komast hjá því að leggja veginn í jaðri bæjarhólsins ef þessi leið verður farin. Verði sú raunin er sá kostur sem nú er horft til, þ.e. að leggja veginn í vesturjaðri bæjarhólsins, líklega skársti kosturinn. Það er þó líklegt að minjar í jaðri bæjarhólsins verði skemmdar við veglagninguna og nálægð vegarins við bæjarhólinn komi að auki til með að rýra gildi hans. Það er Minjastofnunar Íslands að meta niðurstöður könnunarskurða og áhrif framkvæmdanna á fornleifar og úrskurða um hvort framkvæmdir megi halda áfram eins og ráðgert er og þá með hvaða skilyrðum.

[11] Tölvupóstur frá Sveini Sveinssyni frá 14.12.2020



Mynd 21 Yfirlitsmynd sem sýnir hvar vænta má fornleifa samkvæmt upplýsingum sem fengust með könnunarskurðum.

Heimildir

Kristborg Þórsdóttir. 2020. *Fornleifaskráning vegna breytinga á Jökuldalsvegi í landi Arnórsstaða*. FS778-19431. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Páll Pálsson. 1997. „Teikningar af bæjum á Jökuldal.“ Múlaþing 24: 147-156. Héraðsnefnd Múlasýslna, Egilsstöðum

Bréf (MÍ2020005-0124/6.10/Þ.E.H)
Tölvupóstur frá Sveini Sveinssyni, Vegagerðinni, til Elínar Óskar Hreiðarsdóttir, sendur þann 14.12.2020.

Munnlegar heimildir
Stefán Ólason og Sigurvaldi Ragnarsson

Viðaukar

Skýrsla sérfræðings
Ljósmyndaskrá
Einingaskrá


Fornleifarannsókn á Arnórsstöðum í Jökuldal 2020

Gjóskulagarannsókn

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur
Netfang: magnus.a.sigurgeirsson@isor.is

INNGANGUR

Þann 30. ágúst 2020 voru fornminjar skoðaðar á Arnórsstöðum í Jökuldal. Grafnir höfðu verið fjórir langir könnunarskurðir (skurðir 1-4) á fyrirhuguðu vegstæði á bæjarstæðinu (mynd 1). Merki um fornminjar komu einkum fram í öllum skurðunum, en mismiklar. Gjóskulög voru könnuð í skurðunum. Snið voru mæld og teiknuð í skurðum 2 og 4 og nokkur gjóskusýni tekin til smásjárskoðunar.



Mynd 1. *Rannsóknarsvæðið á Arnórsstöðum. Staðsetning og lega könnunarskurða 1-4 er sýnd á myndinni (rauðar línur).*

Gjóskulög á Jökuldal – fyrri rannsóknir

Samkvæmt fyrri rannsóknum má vænta þess að finna eftirtalin gjóskulög í ofanverðum Jökuldal, frá og með Landnámslagi:

A-1875 (um 5 cm þykkt vikurlag á Jökuldal)

V-1717 (<0,5 cm)

V-1477 (gæti verið um 2-3 cm þykkt)
V~1410 (þunnt)
Ö-1362 (hvítt á litinn). Dökkt þunnt lag er fast undir því, frá um 1350.
K-1262 (kolsvart, mjög greinilegt)
V~1160 (< 1 cm)
H-1158 (hvítt, < 1 cm)
H-1104 (hvítt, mjög þunnt)
V-Sv frá því um 940 (< 0,5 cm)
Landnámslag (LNL) með upptök í Bárðarbungu- og Veiðivatnakerfi, frá því um 877 e. Kr.

Á Austurlandi er gjóskulagasyrpa sem kölluð er Landnámssyrpa (LNS) yfirleitt skýr. Þar sem hún er vel varðveitt má sjá allt að sex dökk gjóskulög á 4-6 cm kafla. Lögin mynduðust á rúmlega 200 ára tímabili. Á Norður- og Norðausturlandi er yngsta lagið í LNS yfirleitt V-Sv frá ~940 en á Austurlandi (t.d. á Brúardölum) eru þekkt fleiri lög frá 10. öld og nokkur frá 11. öld. Útbreiðsla og aldur þessara laga er lítið þekkt en upptökin eru í eldstöðvum í Vatnajökli. Flest ofangreind lög eru dökkleit, grá eða svört, nema Ö-1362, H-1158 og Öskjuvikurinn frá 1875 sem eru hvít eða gráhvít (sjá mynd 2) (Sigurður Þórarinsson 1968, Guðrún Larsen 1982; 1984; 1992, Karl Grönvold *et al.* 1995, Magnús Á. Sigurgeirsson 2000; 2007, Magnús Á. Sigurgeirsson *et al.* 2013, Bergrún A. Óladaóttir, 2011).



Mynd 2. *Gjóskulög í skurði 2 á Arnórsstöðum. Viðmiðunarsnið.*

NIÐURSTÖÐUR

Fornleifar í skurðum 1-4 á Arnórsstöðum

Skurður 1: Þar er torfbunki sem skorinn hefur verið í gegnum V-1477 og Ö-1362 gjóskulögin og er því yngri en þau. Verulegt rask er neðan Ö-1362 í vesturenda skurðarins. Líklega er þar um torf að ræða eða ummerki um gröft. Raskið nær niður að Heklu-3 og í gegnum það á kafla. Heldur óljóst er hvers eðlis þessi ummerki eru. Í torfbunkanum eru hvítar gjóskuslitrur mögulega úr Ö-1362. Líklega er þarna um einhver umsvif frá seinni öldum að ræða.


Skurður 2: Viðmiðunarsnið var mælt í u.þ.b. miðjum skurðinum en þar voru gjóskulög mjög vel varðveitt (sjá myndir 2 og 4). Sérstaka athygli vakti dökkt, grágrænt ~0,5 cm þykkt gjóskulag mitt á milli meints V-Sv (frá 940) og ljósa lagsins H-1158. Samkvæmt útreikningi á aldri lagsins miðað við þykknunarhraða jarðvegs gæti þetta lag verið frá um 1040. Í fyrri rannsóknum á Austurlandi hafa komið fram gjóskulög ættað frá eldstöðvum í Vatnajökli sem eru af líkum aldri, árabilinu 1040-1060 (sjá Guðrún Larsen 1982, Bergrún A. Óladóttir 2011, Magnús Á. Sigurgeirsson 2007). Gengið er út frá því hér að um eitt þessara laga sé að ræða á Arnórsstöðum og vísað til þess sem Vj~1050. Vestarlega í skurði-2, ~3,5 m frá austurenda, er torfbunki undir H-1158 gjóskulaginu (sjá mynd 3). Nær hann alveg niður að LNS. Vj.~1050 gjóskan er ekki sjáanleg í sniðinu. Um er að ræða torf frá 10.-12. öld. Telja má víst að það tilheyri mannvirki af einhverju tagi.



Mynd 3. *Gjóskulög í skurði 2 á Arnórsstöðum. Allþykk torflög má sjá á milli H-1158 og LNS (dökkt lag við botn holunnar).*

Skurður 3: Þar er talsvert af torfi með LNS og Heklu-3 neðst en ofar má sjá torf með Ö-1362. Megnið af torfinu er neðan V-1477. Skafið/heflað hefur verið ofan af yfirborðinu á síðari tímum en þarna hefur verið bílaplan. Líklega er um torf að ræða frá því bæði fyrir og eftir 1362.

Skurður 4: Snið var mælt 15,5 m vestan við austurenda skurðarins (mynd 4). Torf tekur við 2-3 cm neðan Ö-1362 lagsins og er um 65 cm þykkt. Skil eru í torfinu á 20 cm dýpi þar sem það verður skýrara en ofar. Sjá má í því slitrur úr hvítri, grárri (sýni-2) og svartri gjósku (sýni-1). Dökku lögin eru líklega úr basískum lögum LNS. Á 47 cm dýpi í torfbunkanum er svart 2-3 cm þykkt gjóskulag. Er vafalítið um K-1262 að ræða. Undir því er torf með LNS og ljósleitum flekkjum úr Heklu-3. Undir torfbunkanum er 10 cm þykkur gulbrúnn steríll jarðvegur og þar undir Hekla-3 (á tæplega 1 m dýpi). LNS sést ekki undir torfinu, sem bent gæti til niðurgraftar eða rasks fyrir tíma torfsins. Í sniðinu er því torf frá því fyrir 1262, mögulega alllöngu fyrr, og svo á milli 1262 og 1362.



Mynd 4. *Snið mæld í skurðum 2 og 4 á Arnórsstöðum.*

NIÐURLAG

Merki um fornleifar komu fram í öllum skurðunum en mismikil að umfangi og aldri. Í skurð 1 eru fremur óljós merki um rask frá frá seinni tímum, eftir 1500. Í skurði 2 eru torflög sem tímasetja má til 10.-12. aldar. Trúlegt er að þar sé um mannvirki af einhverju tagi að ræða. Í skurði 3 er talsvert af torfi neðan V-1477 og mögulegt er að neðar sé mun eldra torf, frá því fyrir 1362. Í skurði 4 eru allmikil torflög. Eru þau annars vegar frá tímabilinu 1262-1362 og hins vegar frá því fyrir 1262.

HELSTU HEIMILDIR

Bergrún A. Óladóttir 2011. Holocene volcanic activity at Grímsvötn, Bárðarbunga and Kverkfjöll subglacial centres beneath Vatnajökull, Iceland. Bull. Volcanol. DOI 10.1007/s00445-011-0461-4.

Guðrún Larsen 1982: Gjóskulagatímatal Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri. Reykjavík, s. 51-65.

Guðrún Larsen 1984: Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. J Volcanol. Geotherm. Res. 22: 33-58.

Guðrún Larsen 1992: Gjóskulagið úr Heklugosinu 1158. Yfirlit og ágrip, Veggspjaldaráðstefna, Jarðfræðafélag Íslands, s. 25-27.

Karl Grönvold, Níels Óskarsson, Sigfús S. Johnsen, Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E. 1995: Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. Earth and Planetary Science Letters 135: 149-155.

Magnús Á. Sigurgeirsson 2000. Gjóskulög á Austurlandi. Samantekt unnin fyrir Veðurstofu Íslands. Greinargerð 00/04, 7 bls. (http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/greinargerdir/1995/Gjoskulog.pdf)

Magnús Á. Sigurgeirsson 2007. Viðauki í: Fornleifauppgröftur á Pálstóftum við Kárahnjúka 2005 (höf. Gavin Lucas). Fornleifastofnun islands, FS346-00066.

Magnús Á. Sigurgeirsson, Ulf Hauptfleisch, Anthony Newton and Árni Einarsson 2013. Dating of the Viking Age Landnám Tephra Sequence in Lake Mývatn Sediment, North Iceland. Journal of the North Atlantic 21: 1-11.

Sigurður Þórarinsson 1968: Heklueldar. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.

Ljósmyndaskrá

Rammi	Svæði	Áttahorf	Lýsing myndefnis	Dagsetning	Upphafsstafir
1	Skurður 3	A	Austursnið í skurði – endi stiku (hvíti) er 21m frá húsgrunni (21-22m)	26.8.2020	HS/JVG
2	Skurður 3	A	Austursnið í skurði – endi stiku (hvíti) er 21m frá húsgrunni (21-22m)	26.8.2020	HS/JVG
3	Skurður 3	A	Austursnið í skurði – endi stiku (hvíti) er 21m frá húsgrunni (21-22m)	26.8.2020	HS/JVG
4	Skurður 3	A	Austursnið – endi stiku á 20m (20-21m)	26.8.2020	HS/JVG
5	Skurður 3	A	Austursnið – endi stiku á 20m (20-21m)	26.8.2020	HS/JVG
6	Skurður 3	A	Austursnið – endi stiku á 20m (20-21m)	26.8.2020	HS/JVG
7	Skurður 3	A	Austursnið – 19-20m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
8	Skurður 3	A	Austursnið – 19-20m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
9	Skurður 3	A	Austursnið – 19-20m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
10	Skurður 3	A	Austursnið – 18-19m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
11	Skurður 3	A	Austursnið – 18-19m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
12	Skurður 3	A	Austursnið – 17-18m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
13	Skurður 3	A	Austursnið – 17-18m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
14	Skurður 3	A	Austursnið – 17-18m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
15	Skurður 3	A	Austursnið – 16-17m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
16	Skurður 3	A	Austursnið – 16-17m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
17	Skurður 3	A	Austursnið – 16-17m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG

18	Skurður 3	A	Austursnið – 16-17m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
19	Skurður 3	A	Austursnið – 15-16m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
20	Skurður 3	A	Austursnið – 15-16m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
21	Skurður 3	A	Austursnið – 15-16m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
22	Skurður 3	A	Austursnið – 15-16m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
23	Skurður 3	A	Austursnið – 14-15m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
24	Skurður 3	A	Austursnið – 14-15m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
25	Skurður 3	A	Austursnið – 14-15m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
26	Skurður 3	A	Austursnið – 13-14m frá grunni	26.8.2020	HS/JVG
